

*Alþingi*  
*Erindi nr. P/30/2477*  
*komudagur 19.5.2004*  
*P/30/2*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17.5.2004  
HBK/is

## **Efni. Umsögn um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess**

Umhverfisnefnd Alþingis hefur með bréfi dags. 4. maí s.l. óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Orkuveita Reykjavíkur er eigandi jarða á því svæði sem frumvarpið tekur til. Er þar um að ræða jarðirnar Úlfljótsvatn, Nesjavelli og Ölfusvatn auk hluta lands Hagavíkur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Nesjavelli, Ölfusvatn og Hagavík hefur Orkuveitan keypt vegna þess jarðhita sem þar er að finna. Hluti jarðhitans á þessu svæði hefur þegar verið virkjaður, þ.e. í landi Nesjavalla bæði til framleiðslu rafmagns og varma. Gert er ráð fyrir að nýta jarðhita í öðrum jörðum Orkuveitunnar síðar. Úlfljótsvatn var keypt vegna virkjunar Sogsins.


Samkvæmt frumvarpinu eru áður nefndar jarðir Orkuveitu Reykjavíkur skilgreindar á vatnsverndarsvæði Þingvallavatns. Frumvarpið gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar og að í reglunum verði heimilt að kveða á um að jarðrask, bygging mannvirkja, borun eftir vatni, taka jarðefna og vinnsla auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir verði háðar sérstöku leyfi ráðherrans.

Allar virkjunarframkvæmdir Orkuveitu Reykjavíkur verða að vera í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins, sem umhverfisráðherra staðfestir og í samræmi við deiliskipulag sem skipulagsstofnun fer yfir en stofnunin heyrir undir umhverfisráðherra. Engar framkvæmdir geta átt sér stað nema fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum. Af öðrum leyfum sem afla verður má nefna starfsleyfi, framkvæmdarleyfi, byggingarleyfi og leyfi fornleifaverndar ríkisins. Þá eru virkjunarframkvæmdir háðar leyfi iðnaðarráðherra samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Fyrst þarf að sækja um rannsóknarleyfi og síðar um virkjunarleyfi. Áður en leyfi er veitt leitar ráðuneytið umsagnar fjölmargra aðila, þ.á.m. Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Af frumvarpinu verður ekki ráðið að til standi að færa þær leyfisveitingar sem afla verður hjá iðnaðarráðherra yfir til umhverfisráðherra. Þvert á móti hefur frumvarpið í för með sér að sækja þarf um leyfi fyrir einni og sömu framkvæmdinni til tveggja ráðherra. Er það afar sérstakt.

Það er mat Orkuveitu Reykjavíkur að umsóknir um virkjunarleyfi fari þegar í gegnum langan, flókinn og erfiðan feril nú koma a.m.k. 11 opinberar stofnanir að leyfisveitingum áður en virkjunarleyfið fæst útgefið. Áður en leyfi er veitt verður leyfisbeiðandi því að uppfylla mjög strangar kröfur og er síðan háður eftirliti fjölmargra opinberra eftirlitsaðila.

Orkuveita Reykjavíkur getur í ljósi framanritaðs ekki mælt með samþykkt frumvarpsins.

A handwritten signature in black ink, reading "Hjörleifur B. Kvaran". The signature is written in a cursive, flowing style.

Hjörleifur B. Kvaran, hrl.